



Hið árlega áramót félagsins í riffli verður haldið á Gamlársdag á Álfnesi.

Veiðirifflamótið: Mæting keppenda er kl.11:30. Keppni kl:12 Skotið verður á rauðu skífurnar (BR 100+200) á 100 og 200 metra færi, 10 skot á hverja skífu (2 skot í hring). Æfingaskot leyfð. Eingöngu leyfðir rifflar með tvífæti á forskefti og engan stuðning (púða) við afturskefti nema öxlina. Öll kaliber leyfð en engar hlaupbremsur. Gott væri að fá skráningu senda á sr@sr.is til að sjá fjöldann sem hefði hug á að mæta.